



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði til heiðurs
forseta Lettlands
frú Vaira-Vike Freiberga og
hr. Imants Freibergs
Bessastöðum
12. ágúst 2002**

Heiðraði forseti Lettlands
Frú Vaira-Vike Freiberga og hr. Imants Freibergs
Virðulegu gestir

Samvinna þjóða okkar hefur við upphaf nýrrar aldar orðið margræður vitnisburður um breytta heimsmynd og aukin tengsl landanna í norðri. Við höfum þróað náið samráð ríkjanna átta á Norðurlöndum og við Eystrasalt og leitast við að finna öryggismálum og efnahagslegri samvinnu í Evrópu farsælan farveg.

Sá árangur sem Lettland, Eistland og Litháen hafa náð á rúmum áratug er í raun ótrúlegur og á margan hátt einstæður sé litið til þeirra erfiðleika sem fjöldi nýfrjálsra ríkja hefur átt við að glíma. Lýðræðisleg stjórnskipun hefur verið fest í sessi, efnahagslegar framfarir hafa gjörbreytt atvinnulífi og aukið hagsæld íbúanna, þátttaka á alþjóðlegum vettvangi hefur skapað í senn virðingu og tækifæri til áhrifa.

Við Íslendingar höfum fylgst með þessari þróun af áhuga og aðdáun og erum þakklátir fyrir að hafa fengið að leggja ykkur lið. Við skynjum kannski betur en aðrar þjóðir í álfunni hve barátta lítillar þjóðar fyrir sjálfstæði, hagsæld og alþjóðlegri viðurkenningu getur verið erfið og hvílík þraut það er að halda sínu í togstreitunni um gæði heimsins.

Frelsisbarátta okkar Íslendinga var háð í um hundrað ár og vagga hennar var í skólanum sem hýstur var í elsta húsinu hér á Bessastöðum. Hér ræddu lærifeður og skólasveinar um endurreisn íslenskrar tungu,

sóttu innblástur í fornar sögur, ortu ljóð í nýjum anda og námu niðinn frá ölduróti byltinganna sem í fyllingu tímans umbreyttu þjóðfélagsskipan og stjórnarháttum í Evrópulöndum.

Á svipaðan hátt urðu þjóðlög og söngur, tónlist og textar sprotnir úr örlagasögu lands og þjóðar efniviður í andóf og frelsissókn þeirrar hreyfingar fjöldans sem bar lýðræðiskröfuna fram til sigurs í landi yðar. Baráttan fyrir lýðræði og mannréttindum var sprottin úr jarðvegi menningar og þjóðlegra hefða og samhengið milli sögu fyrri alda og kröfunnar um sjálfstæðan rétt á okkar tímum varð að lífsneista sem varðveittur var á erfiðu skeiði erlendra áþjána.

Þér hafið, virðulegi forseti, verið málsvari þess að þjóðir hlúi vel að arfleifðinni og sækji í sjóð þjóðlegrar menningar innblástur og nýjan styrk, að saman fari traustar rætur í eigin landi og djörf þátttaka í víðtækri samvinnu þjóða heims.

Við minnumst enn öflugrar ræðu yðar á kvennaráðstefnunni í Reykjavík og hvatningar yðar að réttlæti og siðræn gildi yrðu lögð til grundvallar á alþjóðlegum vettvangi, að bætt sambúð þjóða yrði til að efla mannlega reisn og getu einstaklinganna til að göfga líf sitt á sjálfstæðan hátt.

Þér hafið sýnt að lýðræði er ekki aðeins fólgið í formlegum ákvæðum stjórnarskrár heldur felst það einnig í samfélagslegri vitund, gagnkvæmri virðingu fyrir rétti hvers og eins til betra lífs. Sá árangur sem Norðurlönd hafa náð á liðinni öld og Eyrstrasaltsríkin á síðasta áratug er til vitnis um að þjóðir geta orðið öflugir málsvarar lýðræðis og mannréttinda þótt þær skorti mikið á til að ná styrk hinna stóru í efnahag og hernaðargetu.

Lettland og Ísland hafa ásamt hinum ríkjunum sex myndað átta landa sveit sem getur á margvíslegan hátt látið að sér kveða á nýrri öld.

Við getum haft ríkuleg áhrif á þróun samskipta ríkjanna í norðri, á framtíð svæðis sem nær frá Rússlandi yfir Eyrstrasalt og Norðurlönd til Kanada og Bandaríkjanna í vestri.

Við verðum væntanlega innan tíðar bandamenn við stækkun NATO en íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi stutt ósk Eyrstrasaltsríkjanna um aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Við munum við inngöngu Lettlands í Evrópusambandið njóta þeirra tækifæra sem felast í Evrópska efnahagssvæðinu og aukin viðskiptatengsl munu færa löndum okkar vaxandi hagsæld.

Það er fagnaðarefni að margir áhrifamenn úr lettnesku atvinnulífi hafa fylgt yður í heimsókn yðar til Íslands og áhugi íslenskra fyrirtækja á umsvifum í Lettlandi hefur vaxið jafnt og þétt. Þátttaka okkar Íslendinga í hagþróun Lettlands hefur reynst farsæl á ýmsan hátt, bæði í hefðbundnum greinum og á sviðum nýrrar tækni.

Við höfum einnig notið þess að samvinna listafólks í löndum okkar hefur auðgað menningu okkar og orðstír. Ég minnst tónleika lettneskra og íslenskra listamanna sem ég hlýddi á í Bandaríkjunum fyrir fáeinum árum, tónleika sem hlutu verðugt lof í bandarískum blöðum.

Við þurfum á komandi árum að styrkja slíkt samstarf, gefa tónskáldum, rithöfundum, málurum, dönsurum, kvikmyndagerðarmönnum og öðru listafólki tækifæri til að kynna þá nýsköpun sem setur svip á framlag þeirra. Sess smárra þjóða á alþjóðlegum vettvangi ræðst ekki síst af því hvort okkur tekst að auðga mannsandann með umsköpun þeirrar menningar sem við höfum hlotið í heimanfylgju.

Lettland og Ísland hafa því sannarlega verk að vinna og vináttuböndin sem við höfum bundið gera okkur kleift að hefjast handa án hiks eða ótta.

Heimsókn yðar nú er eindregin staðfesting á slíkum vilja og ég færi yður einlægar þakkir fyrir hve ríkulega þér hafið kappkostað að efla tengslin við okkur Íslendinga.

Við erum stolt af því að hafa getað rétt þjóð yðar hjálparhönd á örlagatímum og saman skynjum við sterkt aflið sem í sjálfstæðinu býr.

Það eru heillandi tímar sem nú fara í hönd og þeir veita þjóðum okkar ríkuleg tækifæri til nýrrar sóknar.

Með fagnaðarhug þjóðum við yður virðulegi forseti velkominn til Íslands og ég bið góða gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs frú Vaira-Vike Freiberga og hr. Imants Freibergs og einnig til heilla vináttu þjóða okkar.